Spurningin

Hvað ætlarðu að gera um helgina?




Lilja Baldursdóttir kynnir: Kynna Pampers-bleiur.



Þórunn Benediktsdóttir: Ég ætla að fara í dagsferðir út frá Reykjavík og gera eitthvað skemmtilegt.




Arnþrúður Halldórsdóttir húsmóðir: Ég ætla í sumarbústað í Grímsnesi.



Sigríður Jónsdóttir nemi: Ég ætla líka í sumarbústað.



Ásdís Bjarnadóttir dansari: Trúlega að fara í Þórsmörk á laugardag.



Helgi J. Hauksson kennari: Ætli ég verði ekki heima með börnin eða úti í garði að láta mér líða vel.

Lesendur

DV

Hvernig frjáls olíuverslun?

Jóhann Björnsson skrifar:

Einhver breyting er sögð í aðsigi í olíuverslun okkar Íslendinga. Rætt er um að olíuviðskipti verði gefin alveg frjáls. En hvernig verður það frelsi í reynd? Verður það einungis frelsi fyrir olíufélögin að kaupa inn olíu þar sem þeim hentar hverju sinni? Eða verður einhver breyting á viðskiptaháttum olíufélaganna hér gagnvart almenningi? Ég er afar vantrúaður á að breyting verði á hinu síðarnefnda. Því miður.

Það sem ég á við er að viðskiptamenn olíufélaganna, þeir er kaupa bensín á bensínstöðvunum, hafa ekki átt kost á að kaupa bensín gegn greiðslukortum. Það hefur leitt til mikils óhagræðis fyrir marga. Verslun með greiðslukortum er viðtekin hér vítt og breitt í þjóðfélaginu. Einstaka fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypur, eins og ég vil kalla olíufélögin, þar sem þau verðleggja sína vöru öll eins og nota sömu viðskiptahætti, hafa hins vegar getað kúgað bifreiðaeigendur til að versla hjá sér gegn staðgreiðslu eingöngu.

Öllum er það mikið kappsmál að hér verði komið á frjálsum viðskiptaháttum í olíusölu. Það frelsi er þó lítils virði nema það taki líka til breyttra viðskiptahátta gagnvart almenningi. Kannski er það bara tímaspursmál hvenær núgildandi höft í bensínsölu brotna niður. En olíufélögin hafa lítið gert til að afnema þau höft sem snúa að bifreiðaeigendum, jafnvel þótt ljóst sé að t.d. greiðslukortaviðskipti muni auka sölu á bensíni verulega. – En það er eitt af lögmálum einokunarverslunar að þar eru völdin metin til fjár. Þetta hefur almenningur hér á landi orðið að sætta sig við alltof lengi.



Tímaspursmál, hvenær núgildandi höft í bensínsölu brotna?

Friðarsýning Yoko Ono

Thomas M. Ludwig skrifar:

Því ekki að heilsa mynd eða málverki með handabandi, eða bíða eftir því að ský hrannist upp yfir höfði manns, kalla gólfið loft, eða valda hvers konar viðburðum sem manni koma til hugar? – Já, því ekki? Sýning Yoko Ono, sem hún tileinkar friði, reiðir fram þessa spurningu. Það, að hver geri það sem hann sjálfan langar til, er misskilið og umdeilt vegna fordóma þeirra sem segja að „þessu" fylgi ábyrgðarlaust líferni og að eina takmarkið sé leitin að skemmtun, afþreyingu eða því sem kallað er að „lifa fyrir líðandi stund".

Þetta er reginmisskilningur því að til ábyrgðar er einmitt hvatt. Að við séum meðvituð um ábyrgð þá sem á okkur hvílir og að eiga valkost eru forsendur sjálfsaga. – Það er kjarni málsins. Sjálfsagi er undirstaða þessarar sýningar, og í reynd einnig friður.

Það sem fyrst og síðast birtist í boðskap Yoko Ono er sjálfsagi. Nokkuð sem flest okkar eiga erfitt með að tileinka okkur fullkomlega. Agi, sem beinist að okkar innra manni og varðar sjálf gæði lífsins. Það að vera ánægður með sjálfan sig. Flest höfum við þjálfað okkur í að hafna þessu og ruglum því jafnvel saman við sjálfselsku.

Þannig ættum við ef til vill að endurskoða eða láta lönd og leið fyrri hugmyndir og byrja frá grunni leitina að eigin persónuleika eins og Yoko Ono stingur upp á. – Þess konar sjálfsagi kemur ekki fyrirhafnarlaust, er engan veginn auðveldur og þarf mikla elju að temja sér hann.

Af náttúrunnar hendi erum við þó þannig gerð að við höfum hálfgerðan ímugust á þess konar átaki og breytingunni sem það hefur í för með sér. Við höfum tilhneigingu til að standa gegn breytingum, einfaldlega vegna þess að langtum auðveldara er að hafa hlutina áfram nákvæmlega eins og þeir eru!

Friðflytjandinn Yoko Ono sýnir í listsköpun sinni einlægni, sjálfsaga og tilbreytingu. Hún kemur með ferska fleti á tilverunni. Friðarsýningin er hvatning til að endurskoða markmið okkar, aðferðir og tilgang. Að hika ekki við að koma óskum okkar í framkvæmd og bægja frá hrifningunni og heitbandinu „óbreytt ástand". Loksins er lögð fyrir okkur þessi spurning, hvort við erum hér til að taka breytingum eða til að hafa bara allt eins og það er. – Svarið er einstaklingsbundið.


Ein slík hljómsveit er Júpiters

G.A. skrifar:

Það hefur stundum verið rætt og skrifað um að hér á landi sé skortur á stærri hljómsveitum en þessum venjulegum fámennisböndum sem eru satt að segja farin að verða nokkuð þreytuleg, að ekki sé meira sagt. Þegar stærri hljómsveitir hafa komið fram á sjónarsviðið hafa þær gjarnan farið fram hjá mörgum sem áhuga hafa á að hlusta á tónlist þeirra. En allir vita að möguleikarnir á fjölbreyttara spilverki eru mun meiri hjá þessum stærri hljómsveitum.

Ein slík hljómsveit nefnist Júpiters. Þeir í hljómsveitinni eru 13 eða 14 saman og hafa leikið hér og þar nokkur undanfarin misseri. Ég hefi fyrir tilviljun verið á stöðum þar sem þeir hafa leikið og finnst þeir vera með allra bestu hljómsveitum sem hér hafa komið fram upp á síðkastið. – Samstilltur hópur og virðist hafa lagt mikla vinnu í æfingar og útsetningar.

Ég hef heyrt að þeir séu að undirbúa útgáfu hljómplötu og væri gaman að heyra frá þessum félögum hvenær þeir hyggjast senda hana frá sér. Ég bíð með óþreyju eftir að eignast hana. Einnig mættu þeir halda fleiri hljómleika, hérna í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu, t.d. bara úti ef vel viðrar. Ekki væri amalegt að geta setið undir berum himni, kannski í Hljómskálagarðinum eða annars staðar, og notið hljómlistar sveitarinnar. – Ég hvet þá sem áhuga hafa á góðu brassbandi að fylgjast með þessum strákum þar sem þeir koma fram.



Hljómsveitin Júpiters á æfingu.

Bifreiðaeigendur eiga ekki von á góðu

Jakob skrifar:

Tjón af ökumanns- og húseigendatryggingum er sagt rúmlega 200% af iðgjöldum síðasta árs. Þetta væri svo sem ekki fréttnæmt í þessu landi gjaldþrotareksturs nema vegna þess að tapið hjá tryggingafélögunum er umsvifalaust sett á viðskiptavini félaganna. Einkum þó á bifreiðaeigendur. Þeir eiga því ekki von á góðu næst þegar bifreiðatryggingaiðgjöld verða ákveðin.

En nú er komið meira en nóg af þessum álögum. Það eru ekki bara tryggingagjöldin sem hækka svo tugum prósenta skiptir ár hvert heldur er líka bifreiðaskattur og þungaskattur, skoðunargjald og nokkur önnur sem hafa hækkað óhugnanlega á þessu ári og hinu síðasta. Ég sé ekki annað en að bifreiðaeigendur, sem borga alla skatta sjálfir og geta ekki komið þeim á fyrirtæki eða bara hið opinbera, verði að losa sig við bílana strax á þessu ári. – Þetta mun að sjálfsögðu bitna fyrst og fremst á ríkinu, hinum sameiginlega sjóði okkar sjálfra, þar sem tekjur af tollum og öðrum gjöldum sem bifreiðaeigendur bera hverfa um leið.

Því ekki greiðslukort hjá ÁTVR?

Pétur Gunnarsson hringdi:

Sívaxandi óánægja virðist ríkja með það fyrirkomulag hjá sumum ríkisstofnunum að taka einungis við greiðslu í beinhörðum peningum. Þannig er nú komið hjá sumum útsölustöðum ÁTVR t.d. að atvik er viðskiptavinur hafði ekki tilskilið bankakort til sýnis varð leiðindamál, og var blásið út í fjölmiðlum. En hver segir líka að bankakort sé gott og gilt? Það segir ekkert til um innstæðu viðkomandi.

Greiðslukortin hins vegar eru þó sönnun þess að viðkomandi hafi verið og sé tryggur greiðandi og hafi orðið að skrifa upp á ábyrgð fyrir sínum úttektum. – Er nú ekki tími til kominn að ÁTVR og aðrir sem ekki hafa ljáð máls á greiðslukortaviðskiptum breyti fyrirkomulagi sínu? – Taki a.m.k. greiðslukort fram yfir ávísanirnar?

Fjölmiðlagagnrýni með offorsi

Eiríkur hringdi:

Mér er farið að leiðast að lesa fjölmiðlagagnrýni hinna og þessara blaða. Þetta er mest orðið sama tuggan dag eftir dag. Enginn metnaður lagður í gagnrýnina sem samanstendur aðallega af offorsi og handahófskenndum uppslætti. – Í DV, sem ég vil líta á sem ábyrgt og um leið óháð blað, eru líka svona pistlar, sem mér finnst oft vera kastað höndum til.

Nýlega las ég t.d. einn slíkan pistil, þar sem skrifað var um eina af nýrri útvarpsstöðvunum – sem ritari sagðist bara ekki hafa vitað að væri til! Ef ritarar pistlanna byggja á svo víðfeðmri vitneskju og hafa ekki meiri reynslu í hlustun en þar kemur fram, þá er kannski ekki von á góðu. Ég legg til að mynd og nafn fjölmiðlagagnrýnanda fylgi með þessum pistlum í framtíðinni.

Þakkar þætti Hermanns Ragnars

Húsmóðir að norðan skrifar:

Á dögunum hlustaði ég á þátt Hermanns Ragnars Stefánssonar. Í þessum tiltekna þætti Hermanns var gestur þáttarins hin kunna leikkona Sigríður Hannesdóttir.

Með þessum skrifum vil ég fara þess á leit við Ríkisútvarpið að þessi þáttur verði endurtekinn. Ég vil í leiðinni þakka þessa góðu þætti Hermanns Ragnars sem ég hvet fólk til að leggja eyrun við.